

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 1995.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1995 verið ákveðið 8,78 %.

Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

a. 2. mgr. orðast svo:

Eftirtaldir aðilar, sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr., eiga rétt til endurgreiðslu og skal þeim endurgreiddur tilgreindur hundraðshluti af álögðum virðisaukaskatti:

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	54%
Hitaveita Hvammstanga	14%
Hitaveita Blönduóss	36%
Hitaveita Rafmagnsveitna ríkisins, Siglufirði	53%
Hitaveita Hríseyjar	30%
Hitaveita Akureyrar	62%
Hitaveita Reykjahlíðar	24%
Hitaveita Egilsstaða og Fella	41%
Hitaveita Rangæinga	54%
Selfossveitur vegna Hitaveitu Eyra	39%
Hitaveita Þorlákshafnar	10%
Hitaveita Suðurnesja	19%
Bæjarveitur Vestmannaeyja	52%
Orkubú Vestfjarða	59%
Rafmagnsveitur ríkisins	62%

b. Fyrir hlutfallstöluna »62%» í 3. mgr. kemur: 63%

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, gildir frá 1. janúar 1995.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1994.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón Guðmundsson.

5. desember 1994

Nr. 672

REGLUR

um málsmeðferð samkeppnisfirvalda.

I. KAFLI

Hlutverk og starfssvið.

1. gr.

Hlutverk samkeppnisfirvalda, þ.e. Samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar, er að framfylgja ákvæðum samkeppnislaga, m.a. með því:

1. að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og óréttmætum viðskiptaháttum,
2. að hafa eftirlit með að ekki séu veittar rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða á annan hátt,
3. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði,
4. að stuðla að auknu gagnsæi markaðarins,
5. að hafa eftirlit með greiðslukortastarfsemi,
6. að aðstoða við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að,
7. að annast eftirlit með framkvæmd þeirra sérлага sem svo er mælt fyrir um, svo sem laga um neytendalán og laga um alferðir.

2. gr.

Starfssvið samkeppnisfirvalda er að hafa eftirlit með hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslun og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Afskipti af launum eða öðrum starfskjörum launþega samkvæmt kjarasamningum falla utan starfssviðs samkeppnisfirvalda.

3. gr.

Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir Samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Jafnframt annast Samkeppnisstofnun jafnan samskipti ráðsins við einstaklinga, fyrirtæki, fjölmiðla, stofnanir, stjórnvöld og dómstóla.